



Deildarfundur á Ísafirði

Ísafjörður, 12.11.2018

Mættir: Tíu félagsmenn mættir ásamt framkvæmdastjóra LSS og formaður LSS var á Skype (sjá undirskriftalista).

1. Formaður LSS setur sjöunda fund hringferðar stjórnar kl. 20:10. Formaður reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins. Bent var á að félagsmenn á Ísafirði væru ekki allir komnir með félagaskírteini. Fulltrúi hvattur til að taka saman nöfnin og senda á skrifstofustjóra LSS.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Hlynur Kristjánsson, fulltrúi vinnuhóps um atkvæðavægi, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður:
 - a. **Ábending með atkvæði.** Bent var á að allir væru jafnir í öðrum stéttarfélögum. Bent var á lágmarksíðgjöld til að flokkast með fullt atkvæði. Hlutastarfandi er ekki til í öðrum félögum.

4. Komandi kjaramál. Framkvæmdastjóri LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkningar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

Framkvæmdastjóri fór yfir sérstaka þætti tengda launaliðnum frá BSRB.

- a. **Laun stjórnenda.** Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.
- b. **Laun hlutastarfandi.** Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðréttá skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.
- c. **Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna.** Skoða þarf bakvaktarkafla kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfsemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Önnur sérmál LSS:

- Tryggingakaflinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna



vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.

- Vaktavinnukaflinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktaálagið sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.
- Prekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

Önnur mál.

1. **Brunamálaskólinn.** Mikil óánægja er með starfssemi skólans. Námskeið haldin eftir hentugleika, skráning og utanumhald er ekki í lagi. LSS hvatt til að beita sér í uppfærðri námskrá og innleiðingu hennar. Slökkviliðsmenn hafa ekki getað lokið grunnnámi slökkviliðsmanna vegna þessa og endurmenntun ekki verið til staðar.
2. **Sjúkraflutningar.** Fyrirspurn kom vegna aksturs í útköll og varðandi símakostnað. Viðkomandi var hvattur að hafa samband við fulltrúa LSS á Ísafirði. Ef hann gæti ekki svarað erindinu þá senda fyrirspurn á framkvæmdastjóra sem aflar upplýsinga um málið.
3. **Launatöflur.** LSS hvatt að einfalda útreikninga á launum fyrir næstu kjarasamninga. Það var erfitt að fara reikna út laun starfsmanna í dag. LSS stefnir að því að búa til reiknivél eftir næstu kjarasamninga sem einfaldar alla útreikninga.
4. **Rauði haninn.** Mikil óánægja skapaðist með úthlutun styrkja úr starfsmenntunarsjóði vegna ráðstefnunnar Rauða hanans síðast og upplifðu þeir eins og að úthlutunareglum hafi verið breytt eftir á. Fyrirspurn kom hvort Starfsmenntunarsjóður styrkti þá sem vildu fara á ráðstefnuna á eigin vegum eða þyrfti að fara á vegum LSS til að hljóta styrk. Félagsmenn voru hvattir til að senda fyrirspurn á starfsmenntunarsjóð sem fyrst þannig að leikreglur kæmu þeim ekki óvart síðar meir.

Framkvæmdastjóri þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS